

Ungur maður skaut fjórum skotum af haglabyssu í fjölbýlishúsi en miðaði ekki á fólk

Ekki talinn hættulegur og sleppt eftir yfirheyrslu


21 ÁRS gamall maður, sem var handtekinn á nýársnótt eftir að hafa hleypt af fjórum skotum úr haglabyssu í húsi við Seilugranda, var látinn laus að loknum yfirheyrslum, án þess að óskað væri eftir gæsluvarðhaldi. Að sögn talsmanns RLR þóttu ekki rök til þess að óska eftir gæsluvarðhaldi yfir manninum þar sem málið var talið upplýst og ekki var talin ástæða til að óttast að hætta gæti stafað af honum.

Lögreglan var kölluð að fjölbýlishúsi við Seilugranda um klukkan fimm á nýársnótt. Þar hafði verið samkvæmi í tveimur íbúðum og samgangur á milli. Komið hafði til átaka og byssumaðurinn, sem bjó í annarri íbúðinni, hafði sótt tvíhleypta haglabyssu sem hann átti og hleypt af á gangi blokkarinnar þannig að skot kom í dyrakarm.

Síðan fór maðurinn út úr húsinu og skaut þar einu skoti á bíl, öðru upp í loft og loks inn um rúðu inn í íbúð þar sem fólk var fyrir. Þegar því skoti var hleypt af var skotstefnan upp á við, að sögn RLR, þannig að sýnt þykir að maðurinn hafi ekki miðað á fólk eða ætlað að hæfa neinn með skotinu, þótt fyrir innan og skammt frá hafi verið fólk í samkvæmi.

Að sögn RLR hafði maðurinn afhent félaganum sínum byssuna áður en lögreglan kom á staðinn og gafst hann upp fyrir lögreglunni, sem hafði sent á staðinn fjölmennt lið, þar á meðal tvo vopnaða víkingasveitarmenn.

Maðurinn var færður í fanga-geymslur og síðan til yfirheyrslu hjá RLR. Að sögn lögreglunnar upplýstist málið við yfirheyrslu. Ekki var talið að krafa um gæsluvarðhald yrði samþykkt af dómara þar sem hvorki rannsóknarhagsmunir kröfðust þess að maðurinn, sem ekki hefur áður komið við sögu lögreglu, væri hafður í haldi né var fólk talin stafa af honum hætta þrátt fyrir þetta athæfi hans.



Morgunblaðið/Ingvar Guðmundsson

Skotmaður handtekinn

Byssumaðurinn gafst upp fyrir lögreglunni sem haldi andlit hans með jakka þegar hann var færður út úr húsinu og í lögreglublíl.

Rannsóknir á mangangrýti á Reykjaneshrygg

Vinnsla mangansets á Reykjaneshrygg ekki hagkvæm nú

HAFSBOTNSNEFND iðnaðarráðuneytisins hefur sent frá sér skýrslu um rannsóknir á mangangrýti á Reykjaneshrygg sem áttu sér stað árin 1990 og 1991. Tilgangur þessara rannsókna var að athuga hvernig manganútfellingar myndast, hversu þéttur málmurinn er í botnlögum og hversu útbreiddur hann er. Meðal þeirra niðurstaðna sem fengist hafa er að vinnsla mangangrýtis á þessum slóðum er ekki hagkvæm nú en gæti orðið það á næstu öld.

Samstarfshópur vísindamanna frá Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Raunvísindastofnun Háskólans og Orkustofnun vann að þessum rannsóknum með leiðangri Hafrannsóknar árið 1990 og leiðangri rannsóknarskipsins Árna Friðrikssonar árið 1991.

Að því er fram kemur í þeim kafla skýrslunnar, sem fjallar um möguleika á málmvinnslu, er ljóst af bræðslutilraunum að vinna málmur úr setbergi eins og því sem fannst á Reykjaneshrygg. Hinsvegar er mangan ekki mjög dýr málmur og þarf þéttleiki hans að vera nokkuð hár til að vinnsla borgi

sig. Hingað til hefur mangan eingöngu verið unnið úr námum á þurru landi þar sem þéttleiki þess er allt að 52% úr því bergi sem unnið er. Mangankúlur og manganset á hafsbotni hafa vakið athygli vegna þeirra verðmætu málmur sem oft fylgja, á borð við kóbalt, nikkell og kopar. Þéttleiki þessara málmur er minni á Reykjaneshrygg en í mangankúlum og seti á botni Kyrrahafsins. Aftur á móti er vinnsla á Reykjaneshrygg auðveldari þar sem dýpi er minna, eða 100-400 metrar á móti 2000-4000 metrum í Kyrrahafi.

Síðan segir í skýrslunni: „Af öllum þessum þáttum má draga þá ályktun að vinnsla mangansets á Reykjaneshrygg geti ekki verið hagkvæm eins og staðan er í dag. Hvað mangan varðar er talið að

góðar námur á landi muni endast í a.m.k. eina öld til viðbótar. Með aukinni notkun hinna ýmsu málmur í framtíðinni og eftir því sem gengur á birgðir í vinnanlegum námum á landi má búast við að horft verði af meiri alvöru til málmur á hafsbotni og verður Reykjaneshryggur þá engin undantekning.“

Höfundar skýrslunnar komast að þeirri niðurstöðu að til að hægt sé að meta vinnsluhæfi mangans á Reykjaneshrygg þurfi að kortleggja þau svæði þar sem manganríkt set er að finna en þessi svæði eru einkum í nágrenni við jarðhitasvæði á hryggnum. Einnig er lagt til að fylgst verði náið með rannsóknum Bandaríkjamanna á Neck-erhryggnum í Kyrrahafi þar sem verið er að kanna svæðið með málmvinnslu í huga.

Slegist á slysa-deild

MIKIÐ annríki var á slysa-deild Borgarspítalans á nýársnótt. Auk þess sem starfsfólk hafði vart undan að gera að sárum fólks sem þangað leitaði með ýmiss konar áverka fylltist biðstofa slysa-deildarinnar af ölvuðu fólki og þurfti lögreglan nokkrum sinnum að hafa afskipti af slagsmálum á biðstofunni.

Eins og jafnan um helgar var lögreglumaður á vakt á slysa-deildinni til að reyna að tryggja starfsfólki vinnufrið og halda aftur af ölvuðu fólki sem þangað leitar.

Að sögn Eyjólfssonar lögregluflökkstjóra sem þar var á vakt var mikill erill alla nóttina og þurfti hann nokkrum sinnum að óska eftir liðsaka starfsfélaga sinna til að flytja á brott ölvuða ólátaseggi.

Eyjólfur sagði að talsvert hefði verið um það að menn sem þurft hefðu að láta gera að sárum sínum hefðu fengið með sér á staðinn fjölmennan hóp kunningja, sem hefðu síðan ekki séð ástæðu til að draga úr drykkju- eða gleðilátum þótt þeir væru komnir inn á sjúkrahús.

Auk þess hefði það þrívægis gerst um nóttina að menn sem lent höfðu í slagsmálum og þurftu að leita læknis hefðu hitt andstæðinga sína á biðstofu slysa-deildarinnar og þá talið nauðsynlegt að taka upp þráðinn í átökunum þar sem frá var horfið.



Morgunblaðið/Júlíus

Slökkviliðið að störfum við Bildshöfða 18 í gærmorgun.

Lager brann í eldsvoða

TALSVERT tjón varð þegar lager fyrirtækisins Georgs Ámundasonar við Bildshöfða 18 í Reykjavík skemmdist í eldi sem kom þar upp af ókunnum orsökum aðfaranótt laugardagsins. Að sögn slökkviliðs virðist sem eldur hafi logað um nóttina án þess að þess yrði vart og var eldurinn að mestu kulnaður þegar slökkviliðið kom á staðinn. Innra byrði á rúðum var sprungið og mátti litlu muna, að sögn slökkviliðs, að húsið, þar sem eru mörg fyrirtæki, yrði alelda.

Tilkynnt var um eldinn um klukkan 10 á laugardagsmorguninn. Þegar slökkviliðið kom að var allt, sem geymt var á um það bil 100 fermetra lager fyrirtækisins, mikið brunnið, auk þess sem skrifstofur fyrirtækisins og önnur húsakynni voru mikið skemmd af sóti. Þá hafði

reykur komist upp á efri hæð hússins, meðal annars í húsakynni útgáfufyrirtækisins Fróða.

Eldsúptök eru óljós, en samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins er talið hugsanlegt að glóð hafi leynst í ruslapoka.

15 Íslendingar hlutu fálkaorðu

FORSETI Íslands sámdi á nýársdag eftirtalda Íslendinga heiðursmerkjum íslensku fálkaorðunnar:

Árni Björnsson, riddarakross fyrir læknisstörf, Ásgeir Pétursson fyrrverandi sýslumaður og bæjarfógeti, riddarakross fyrir störf í opinbera þágu, Ásgerður Búiadóttir listakona, riddarakross fyrir myndlist, dr. Björn Guðbrandsson læknir, riddarakross fyrir friðun fugla, Guðmundur Þorsteinsson dómráðgjafi, riddarakross fyrir störf að kirkjumálum, Halldór Þormar prófessor, riddarakross fyrir vísindastörf, Jón Nardal tónskáld, stórriddarakross fyrir tónlist, Kristjana Ragneiður Ágústsdóttir, riddarakross fyrir störf að félags- og skólamála, Ólafur Davíðsson ráðuneytisstjóri, stórriddarakross fyrir störf í opinbera þágu,

Ólafur Jensson framkvæmdastjóri, riddarakross fyrir störf að íþróttamálum fatlaðra og þroskaheftra, Salome Þorkelsdóttir forseti Alþingis, stórriddarakross fyrir störf í opinbera þágu, Steindór Hjörleifsson leikari, riddarakross fyrir leiklist, Torfi Jónsson oddviti og bóndi, Torfalek í Torfalekjarhreppi, riddarakross fyrir störf að félags- og sveitarstjórnarmálum, Þráinn Þórisson fyrrverandi skólastjóri, Skútustöðum, Mývatnssveit, riddarakross fyrir störf að fræðslu- og uppeldismálum, Viggó E. Maack skipaverkfræðingur, riddarakross fyrir störf að siglingamálum.

Auk þess afhenti forseti Íslands Knut Ódegård skáldi stórriddarakross fálkaorðunnar fyrir framlag hans til eflingar menningartengsla milli Íslands og Noregs.